

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 92/2023

2023/EES/81/17

frá 28. apríl 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1251 frá 19. júlí 2022 um endurnýjun á samþykki fyrir virku efnunum ógreinóttu fiðrildaferómóni (asetöt) sem áhættulitlum virkum efnum og ógreinóttu fiðrildaferómóni (aldehyð og alkóhól), í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

„– **32022 R 1251:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1251 frá 19. júlí 2022 (Stjtið. ESB L 191, 20.7.2022, bls. 35).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzzzzx (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/496):

„13zzzzzzzzzzzy. **32022 R 1251:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1251 frá 19. júlí 2022 um endurnýjun á samþykki fyrir virku efnunum ógreinóttu fiðrildaferómóni (asetöt) sem áhættulitlum virkum efnum og ógreinóttu fiðrildaferómóni (aldehyð og alkóhól), í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 191, 20.7.2022, bls. 35).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/1251, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. apríl 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

(¹) Stjtið. ESB L 191, 20.7.2022, bls. 35.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.